

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti  
101 Reykjavík

Sent í tölvupósti á: nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 21. október 2019.

**Umsögn Landverndar um um breytingu á lögum um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis, nr. 13/2001 (frysting olíuleitar), 117. mál.**

Með tölvupósti þann 15. október síðastliðinn óskaði nefndasvið Alþingis eftir umsögn Landverndar um ofangreinda þingsályktunartillögu. Um er að ræða lykilmál þar sem þær aðgerðir sem við grípum til nú gegn hamfarahlýnun skipta sköpum fyrir það hvernig komandi kynslóðum reiðir af. Landvernd vill því þakka flutningsmönnum fyrir að leggja fram þetta góða frumvarp sem er gott dæmi um raunverulega aðgerð stjórnvalda sem ekki kosta ríkið bein fjárútlát en skipta þó miklu máli.

Stjórn Landverndar telur að vegna þeirrar þröngu stöðu vegna yfirvofandi loftslagshamfara og því hversu knappur tími er til að grípa til afgerandi aðgerða, að frumvarpið ætti að ganga lengra. Því er lagt til að banna alla leit og vinnslu jarðefnaeldsneyta í íslenskri lögsögu. Þá verður að hafa í huga þá lykilstöðu sem Ísland er í sem land sem framleiðir næstum alla sína raf- og húshitunarorku án losunar gróðurhúsalofttegunda. Við höfum í raun engu að tapa en allt að vinna að banna vinnslu jarðefnaeldsneytis alfarið.

*Ganga þarf lengra*

Stjórn Landverndar leggur því til að texti frumvarpsins verði svohljóðandi:

1. gr. Málsgreinar 4-32 laga 13/2001 falla brott.
2. gr. Í stað þeirra kemur eftirfarandi málsgren:
  4. gr. Leit og vinnsla jarðefnaeldsneytis er með öllu bönnuð í íslenskri lögsögu.

Þrátt fyrir að með þeirri breytingu sem nú er lögð til verði vinnsla jarðefnaeldsneytis *de facto* bönnuð næstu áratugi, eru ríkar ástæður til þess að taka af skarið og banna vinnsluna með öllu og mæla fyrir því að önnur Norðurskautsríki stefni að því sama.

Fyrir þessu eru fjölmörg rök.

Í fyrsta lagi væri minna mál að fella takmörkunina um hlutfall koltvíldis í andrúmslofti úr lögum aftur á síðari stigum heldur en að breyta lögnum í heild aftur í fyrra horf, ef fallist verður á tillögu Landverndar. Skemmst er að minnast lagabreytinga sem Alþingi samþykkti í flýti í október 2018 þar sem úrskurður Úrskurðanefndar umhverfis- og auðlindamála missti gildi sitt. Þetta var gert án umræðu og án samráðs við umhverfisverndarsamtök, en Landvernd hefur kvartað til ESA og eftirlitsnefndar Árósasamningsins vegna málsins<sup>1</sup>. Þetta dæmi sýnir að ferli lagasetninga á Íslandi er ekki alltaf eins og best verður á kosið. Af þeim sökum er betra að hafa afdráttarlausara bann á vinnslu jarðefnaeldsneytis á Íslandi en lagt er til í frumvarpinu..

Í öðru lagi er um einstakt tækifæri fyrir Ísland sem þjóð sem stundar orkuvinnslu úr orkugjöfum sem losa mjög lítið af gróðurhúsalofttegundum. Með því að banna vinnslu jarðefnaeldsneytis alveg sýnum við gott fordæmi fyrir aðrar þjóðir, jafnframt því að sýna að Íslandi er alvara að treysta á aðra orkugjafa en jarðefnaeldsneyti.

Í þriðja lagi eru þær birgðar jarðefnaeldsneytis sem þekktar eru í heiminum langt um fram það sem við getum leyft okkur að brenna ef við eigum að ná að halda hækkun meðalhita á jörðinni innan við 2°C árið 2100. Leit að olíu á norðurskautssvæðinu og þróun nýrrar tækni við vinnslu jarðefnaeldsneytis er með öllu ósamræmanlegt markmiðum um að takmarka hlýnun jarðar við 2°C<sup>2</sup>, hvað þá ef markmiðið er 1,5°C sem alþjóðasamfélagið hefur sammælt um, og hefur þó í för með sér viðamiklar breytingar á lífsskilyrðum. Því eru það ekki bara mikilvæg heldur nauðsynlegt skilaboð sem Ísland sendir með því að taka skýrt af skarið og banna alfarið leit og vinnslu jarðefnaeldsneytis í íslenskri lögsögu, ekki eingöngu þjóðinni sjálfri heldur einnig öðrum Norðurskautsþjóðum.

#### *Verndun líffræðilegarar fjölbreytini*

Í greinargerð með frumvarpinu er fjallað um að önnur lönd, t.d. Belís og Kosta Ríka hafi bannað leit og/eða vinnslu jarðefnaeldsneytis til að vernda líffjölbreytileika innan sinnar lögsögu. Það á ekki síður við um Ísland enda eru margir sjófuglar, hvala- og selategundir á valista sem tegundir í útrýmingarhættu. Þar að auki hefur ekki enn verið ráðist í gerð valista fyrir sjávardýr (önnur en spendýr og fugla) og má gera ráð fyrir að óteljandi tegundir í viðbót séu í útrýmingarhættu við Ísland án þess að það hafi nokkurn tíma verið metið. Í þessu samhengi eru hlýnun og súrnun sjávar sérstök ógn en einnig olíuslys sem eru sérstaklega erfið viðureignar í köldum sjó.

#### *Breytt orðnotkun*

Stjórn Landverndar leggur til að í stað orðsins „kolvetni“ í frumvarpinu komi orðið „jarðefnaeldsneyti“. Kolvetni er íslenska þýðingin á enska orðinu „*carbohydrates*“ sem eru vatnsleysanlegar fjölliður byggðar úr kolefni en ekki olíur.

<sup>1</sup> <https://landvernd.is/sidur/landvernd-kvartar-til-esa-vegna-breytinga-a-logum-um-fiskeldi-1>  
<https://landvernd.is/sidur/frettatilkynning-island-klagad-fyrir-eftirlitsnefnd-arosasamningsins-i-fyrsta-skipti>

<sup>2</sup> C. McGlade and P. Ekins. *Nature* 517 pp. 187–190



### *Jarðefnaeldsneytislaut Ísland 2040*

Að lokum hvetur Landvernd Alþingi til að setja skýra stefnu um kolefnislausan orkubúskap á Íslandi með því að marka stefnu um að hætta innflutningi á jarðefnaeldsneyti eigi síðar en árið 2040. Mikilvægt er að gefa öðrum orkugjöfum sem nýta má í stað jarðefnaeldsneytis sanngjarna samkeppnismöguleika og því eigum við að stefna að því að útrýma jarðefnaeldsneyti alveg úr íslensku samfélagi.

Hafa má samband við undirritaða vegna málsins með tölvupósti á tölvupóstfangið [audur@landvernd.is](mailto:audur@landvernd.is) eða í síma 8435370.

Virðingarfyllt,  
f.h. stjórnar Landverndar,

Auður Önnu Magnúsdóttir,  
framkvæmdastjóri.

Nefndasvið Alþingis  
Hildur Edwald,  
skjalaritari  
Alþingi  
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 28. október 2019  
2019100027/42-0  
TB  
jgo/tb

**Frumvarp um breytingu á lögum um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis, nr. 13/2001 (frysting olíuleitar), 117. mál**

Vísað er til tölvupósts/bréfs frá atvinnuveganefnd Alþingis, dags. 15. október sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um frumvarp um breytingu á lögum um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis, nr. 13/2001 (frysting olíuleitar), 117. mál. Í frumvarpinu er lagt til að umsóknir um leyfi til leitar að kolefni og leyfi til rannsókna og vinnslu kolvetnis verði ekki teknar til afgreiðslu nema uppsöfnun koldíoxíðs hafi mælst undir 350 ppm að meðaltali hvern undangenginna tólf mánaða. Frumvarpið gerir ekki ráð fyrir að það gildi um umsóknir sem fram eru komnar við gildistöku laganna.

Í greinargerð með frumvarpingu kemur vel fram hvaða ástæða liggur að baki því að velja 350 ppm sem viðmið vegna uppsöfnunar á koldíoxíði í andrúmsloftinu í tengslum við leyfisveitingar. Náttúrufræðistofnun telur að leita skuli allra leiða, sem talist geta náttúru- og umhverfisvænar, til að minnka losun á koldíoxíði þ.á.m. að hætta notkun á jarðefnaeldsneyti. Þar sem Ísland hefur ekki verið á meðal ólíuvinnsluríkja væri það tímaskekkja að mati Náttúrufræðistofnunar að hefja ólíuvinnslu á tímum þegar reynt er af fremsta megni að draga úr notkun á jarðefnaeldsneyti.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson  
forstjóri



Trausti Baldursson  
forstöðumaður vistfræði- og ráðgjafardeildar



Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 29. október 2019  
Tilvísun: OS2019100037/50.11  
Verknúmer: 332579

**Efni: Umsögn um frumvarp til breytingar á lögum um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis, nr. 13/2001 (frysting olíuleitar) 117. mál.**

Á Orkustofnun hafa þær spurningar, sem velt er upp í frumvarpinu, komið upp þar sem könnuð hefur verið réttlætning hugsanlegrar olíuvinnslu með tilliti til loftslagsmála og annarra þátta. Hér að neðan fylgir listi yfir þau álítaefni sem hafa komið upp í þeirri umræðu og gæti verið gott að hafa til hliðsjónar við vinnslu frumvarpsins og þeirra röksemda sem þar koma fram.

1. Í Parísarsamkomulaginu eru hvergi gerðar kröfur um takmörkun á vinnslu olíu og gass. Allar aðgerðir þar beinast að því að takmarka notkun kolefnis sem orkugjafa og þar með eftirspurnina eftir því.
2. Ein fljótverkasta aðgerðin til þess að minnka kolefnisfótspor er að draga sem fyrst úr kolabrennslu, þannig að tímabundið komi brennsla olíu og gass í staðinn. Ef framboð á olíu og gasi er takmarkað þá hækkar verðið á því óhjákvæmilega miðað við kolin og þessi aðgerð verður því beinlínis hamlandi fyrir minnkun kolefnisfótspors á yfirgangstímabilinu í næstu framtíð.
3. Ef lýðræðisríki eins og Ísland og Noregur takmarka vinnslu á olíu og gasi er tekin pólitísk áhætta þegar markaðurinn er í meira mæli eftirlátinn löndum þar sem lýðræði og mannréttindi eru langt frá okkar viðmiðum um það hvað er ásættanlegt.
4. Hætt er við að aðrar þjóðir líti á slíka ákvörðun sem sýndarmennsku og tilraun til þess að beina sjónum manna frá þeirri óhóflegu olíunotkun sem er á Íslandi, og menn ættu að vera að einbeita sér við að minnka svo fljótt sem verða má.
5. Þetta lagafrumvarp tekur ekki á gagnkvæmum réttindum okkar gagnvart Norðmönnum á Drekasvæðinu. Ef Norðmenn hefja vinnslu á samningssvæðinu Noregsmegin eigum við rétt á að ganga inn í verkefnið með 25 % hlut.

6. Í greinargerð eru hafðar uppi staðhæfingar um veðurofsa og aðstæður á mögulegu vinnslusvæði sem eru ekki í samræmi við niðurstöðu þeirra sérfræðinga sem um þetta fjölluðu í mati á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllt,  
f.h. orkumálastjóra

Harpa Þórunn Pétursdóttir